



Vopnafjörður

Hreppsnefnd 14.05.02

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 14. maí 2002 kl. 17.00 í Miklagarði. Á fundinn Voru mættir: Aðalbjörn Björnsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Árni Róbertsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson og Steindór Sveinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna og síðan var gengið til auglýstrar dagskrár:

1. mál Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 2002.

Lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Hagstofu Íslands. Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna 5.gr. miðast kjörskráin við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag eða 4. maí sl. Eitt andlát hefur orðið í sveitarfélaginu frá þessum tíma og hefur verið tekið tillit til þess. Að teknu tilliti til þessa eru alls 579 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir sveitarstjórnarkosningar 2002, þar af eru 299 karlar og 280 konur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir framlagða kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 2002 með áorðnum breytingum og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

Fleira ekki gert og fundi slitið.